



Vestmannaeyjabær
Kirkjuvegur 50
900 Vestmannaeyjar

Dagsetning 14.7.2026
Málsnúmer IRN26040007

Fjármögnun vatnsleiðslu til Vestmannaeyja

Innviðaráðuneytið vísar til erindis Vestmannaeyjabæjar, dags. 7. maí sl., þar sem þess er krafist að ríkissjóður standi straum af öllum kostnaði við nýja vatnslögn til Vestmannaeyja, þ.m.t. innkaup lagnarinnar, flutning til Íslands, niðurlagningu á hafsbót, tengingar við vatnsveituna og kaup á tryggingum.

Í tengslum við mat ráðuneytisins á erindinu og mögulega fjárhagslega aðkomu ríkisins er mikilvægt að fyrir liggi heildstæð greining á áhrifum slíks framlags á gjaldskrá vatnsveitu sveitarfélagsins. Samkvæmt lögum nr. 32/2004 hvílir ábyrgð á rekstri vatnsveita og fjármögnun þeirra á sveitarfélögunum sjálfum. Í erindi Vestmannaeyjabæjar er því hins vegar haldið fram að það sé réttlætismál að kostnaður við umrædda vatnslögn falli ekki á sveitarfélagið vegna þeirra sérstöku aðstæðna sem leiða af landfræðilegri legu sveitarfélagsins.

Þess er því farið á leit við Vestmannaeyjabæ að ráðuneytinu verði afhent ítarlegri greining á því hvernig gjaldskrá vatnsveitu sveitarfélagsins myndi breytast fyrir íbúa annars vegar og atvinnulíf hins vegar ef sveitarfélagið bæri kostnaðinn að fullu skv. almennum reglum um vatnsveitur.

Ráðuneytið óskar eftir því að allar forsendur matsins fylgi með, sem dæmi áætlaður endingatími/afskriftatími lagnarinnar, spáð launa- og verðlagsþróun eða hvort miðað er við verðtryggð vaxtakjör án verðbólgu og launahækkana til einföldunar.

Fyrir hönd ráðherra,